

**Nd.**                   **751. Frumvarp til laga**                   **[215. mál]**  
um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.  
(Eftir 2. umr. í Nd., 7. maí.)

**1. gr.**

3. málsg. 2. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili, orðist svo:

Það telst eigi heimili, þó maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, ellheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Sama gildir um dvöl í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð, og það jafnt þótt maður sé eigandi þess húsnaðis, sem hann dvelst í. Sama máli gegnir og um dvalarstað vegna árstíðarbundinna atvinnu, svo sem vetrarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.